

Farfuglarnir og gátur lífsins.

1.

Prófessor Guðm. heitinn Magnússon, læknir, hafði mikinn áhuga á náttúrufræði, og athugaði m. a. komu tíma farfuglanna. Var niðurstaða hans fyrir 30—40 árum, hin sama og mín, að um 20. apríl færi lóan að sjást, en um 14. maí spóinn og krian. Á þessu hefir, eins og svo mörgu öðru, orðið breyting eigi alltil, samfara þeim umskiftum sem nú eru að verða á veðurfari, og koma farfuglarnir nú alt að því mánuði fyr en um aldamót, svo að t. d. lóan hefir hér sést um mánaðamótin mars—apríl.

Furðuleg næsta eru ferðalög þessara 'fugla. Hvernig fara þeir að rata hina „háu vegaleysu“? Hvernig geta þeir vitað, þar sem þeir eru langt suður í löndum, að vorið er að koma heima á Íslandi. Það er litil skýring þó að sagt sje, að þetta verði fyrir eðlishvöt (instink). Skýringin er sennilega sú, að fuglarnir, sem eru svo langum fremri að lífsþrótti eigi einungis mönnum, heldur öllum spendýrum, hafa til að bera á mjög háu stigi það sem í dulfræðum er efnt dulskygni, clairvoyance. Fuglarnir eru skygnir, þeir sjá í 'huga sjer. Visus interior, innri

sjón, nefnir Swedenborg þetta, og telur vist alveg rjettilega, að svert-ingjar taki þar öðrum fram, og kynni það að standa í sambandi við hið meira lífsafl þeirra. Sbr. „ó-freskisgáfa“, ófreskur = ófröskur, mjög röskur. Má í þessu sambandi minna á það, að gáfa þessi virðist hafa verið mun algengari en nú er, hjá forfeðrum vorum, á þeim tímum er hjer á landi var sumt hraustasta fólkið á jörðinni. Helgi Njálsson sjer í huga sjer, þegar hann er í Orkneyjum hjá Sigurði jarli, þau tíðindi sem gerast á Skotlandi. Hann var skygn einsog faðir hans — og skegglaus eins og hann, þó sagan geti ekki beinlínis um það. En það er ekki ólíklegt, að þessvegna hafi það verið, sem reynt var til að bjarga honum úr brennunni í kvenbúningi. Mætti í slíku sjá bendingu um það, hversu sannar Íslendinga-sögur eru. —

Skýgnigáfa fuglanna er svo rík,
að þeir sjá í huga sjer land það sem
þeir ætla til, og í rjetta átt, og fljúga
eftir því. En nánari skýring á þessu
er á þá leið, að fuglsheillinn er nokk-
ur skónar útvarpstæki, sem getur tek-
ið við þessum geisla frá alvískunni

~~~~~

sem fuglinn þarf að nota. Nægir annað eins og þetta til að sýna, að til er æðra vit en mannlegt.

Samstilling margra kemur mjög til greina þegar um ófreskisgáfu er að ræða, sbr. hina „miklu og heilaglegu“ sýn Ólafs konungs Helga á fjallinu þar sem hann er umkringdur af þúsund-unum sem lutu boði hans og banni. Og þegar vjer á haustin sjáum lóuhóp-ana — en í þeim eru nær eingöngu ungar — mætti láta sjer til hugar koma, að þessar þúsundir af lóum væru eigi einungis að samæfa flugið, heldur einnig, og það jafnvel ennþa fremur, að samstillast sig til að öðlast þá skygni sem þarf til að sjá í huga sjer okunnu löndin sem þær leita til.

Á líkan hátt verður líklega einnig að skýra t. d. göngur fiskanna, a. m. k. meðfram, og ýmislegt furðulegt athæfi skorkvikinda. En hjá þeim kemst líklega ófreskisgáfan á hæst stig í dýraríki jarðar vorrar. — Hversu nákvæm samstillingin er milli dýra, má glögt sjá ef vjer at-hugum t. d. sílatorfu. Hreyfingarnar geta þar verið nálega einsog torfan væri einn líkami.

## II.

Mennirnir hafa, er sótt var fram til að verða hugsandi vera, að miklu leyti tapað ófreskishæfileikum dýraforeldis síns. En það er mjög íhug-unarvert, að í svefni — og hinu ná-skylda miðilsástandi — kemur ó-freskisgáfan og sambandshæfileikinn aftur fram. Það er auðvelt að komast að raun um það á miðilfundi, að hinn sofandi miðill svarar spurn-ingum sem einungis eru hugsaðar. Og í svefni eru allir skygnir, og það svo að þeir sjá það sem gerist á öðrum jarðstjörnum, eins og sýna má fram á með óyggjandi rökum. En framundan er, að nedurheimta ófreskisgáfu dýraforeldris vors og að visu að koma henni á miklu hærra stig en áður, svo að vér náum full-um tókum á þessum hæfileika, í sambandi við vakandi hugsun. Mun-um vjer þá geta hugsast við (líkt og nú er talast við) og sjeð „of heima alla“ eftir því sem þörf er fyrir. En mikið þarf að vitkast og vænkast ef ekki eiga að verða vand-ræði úr því að menn viti í huga annara. Og það þarf að verða auð-velt að uppgötva óhræsin, sem nota vilja slíka hæfileika til ills, og hafa hemil á þeim.

21.—26. apríl.

Helgi Pjeturss.

Falkinn 5.5. '39